

Alþingi
Erindi nr. P 132/1230
komudagur 9.3.2006

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umsögn

Málsnr.: 0602080SA

Dags.: 8. mars 2006

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Tilv.: 180

um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2006-2009

Með bréfi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 16. febrúar sl., fékk Samband Íslenskra sveitarfélaga til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2006-2009, 391. mál.

Sambandið gaf umsögn um tillöguna þegar hún var á vinnslustigi hjá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, sbr. umsögn dags. 26. október 2005. Á fundi stjórnar sambandsins 24. febrúar sl. var samþykkt að ítreka við Alþingi þau efnisatriði sem fram komu í þeirri umsögn.

Efni tillögunnar

Þingsályktunartillagan sjálf er nokkuð ítarleg, en einnig kemur mikilvæg efnisleg umfjöllun fram í athugasemdum við tillöguna.

Meginefni tillögunnar er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2006 til 2009. Með byggðaáætluninni verði stefnt að því að bæta búsetuskilyrði á landsbyggðinni og efla samkeppnishæfni landsins. Eftirfarandi meginmarkmið verði lögð til grundvallar.

- Að landshlutakjarnar verði efldir en jafnframt hugað sérstaklega að þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun.*
- Að byggðarlög nái að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum á atvinnuháttum.*
- Að atvinnulíf, menntun, menning og félagslegt jafnræði verði styrkt á landsbyggðinni.*

Sérstök áhersla verði lög á gildi menntunar og menningar, aukna nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfsemi, bættar samgöngur og fjarskipti og styrkingu landshlutakjarnanna Akureyrar, Ísafjarðar og Mið-Austurlands.

Síðan eru taldar upp í 23 liðum helstu aðgerðir sem lagt er til að gripið verði til í því skyni að markmiðum áætlunarinnar verði náð. Í athugasemdum við tillöguna eru þær aðgerðir útfærðar og útskýrðar nánar. Margt í tillögunni snertir sveitarfélögin og gerir ráð fyrir aðkomu þeirra eða sérstöku hlutverki

Endurskoðun á skipan ráðuneyta

Í bréfi til forsætisráðherra, dags. 5. júlí 2005, ítrekaði stjórn sambandsins eftirfarandi tillögu úr stefnumörkun sambandsins í byggðamálum, sem samþykkt var á fulltrúaráðsfundi sambandsins í mars 2002 og landsþing sambandsins áréttaði í september á sama ári.

„Sveitarstjórnar-, byggða- og skipulagsmál verði sameinuð í eitt ráðuneyti, ráðuneyti byggða- og sveitarstjórnarmála.

Með sameiningu þessara málaflokka undir eitt ráðuneyti ætti að fást betri yfirsýn yfir þróun byggða- og sveitarstjórnarmála og aðgerðir í þessum málaflokkum ættu að verða markvissari. Jafnframt ættu ríki og sveitarfélög auðveldara með að vinna saman að framgangi tillagna um sameiginlega stefnumörkun og aðgerðir í byggðamálum.“

Með vísan til eftirfarandi athugasemdar sambandsins um aðgerð nr. 1: *Bættar samgöngur* telur sambandið eðlilegt að samgöngumál verði einnig færð undir ráðuneyti byggða- og sveitarstjórnarmála.

Í samræmi við framangreint er lagt til að við 3. mgr. þingsályktunartillögunnar verði bætt nýjum lið, sem fái númerið 24 og hljóði svo: **„Endurskoðun á skipan ráðuneyta. Sveitarstjórnar-, byggða-, skipulags- og samgöngumál verði sameinuð í eitt ráðuneyti, ráðuneyti byggða- og sveitarstjórnarmála.“**

Athugasemdir við tillöguna

Almennt

Í athugasemdum sem fylgja tillögunni koma fram margvíslegar upplýsingar og nánari útfærslur tillagnanna. Eðli máls samkvæmt er það þó tillagan sjálf sem Alþingi tekur beina afstöðu til og afgreiðir. Eftirfarandi athugasemdir sambandsins beinast því að framsetningu tillögunnar sjálftrar en ekki sérstaklega að þeim athugasemdum er fylgja uppkastinu.

Sambandið styður þau þrjú meginmarkmið sem fram koma í tillögunni, sbr. stafliði a, b og c.

Vegna þeirra tillagna sem fram koma í 23 liðum um helstu aðgerðir sem gripið skuli til í því skyni að ná fram nefndum meginmarkmiðum hefur sambandið heldur ekki veigamiklar athugasemdir fram að færa. Skal þó áréttað að á síðari stigum, við nánari útfærslu og framkvæmd þessara aðgerða, áskilur sambandið sér fullan rétt til að setja fram athugasemdir, s.s. vegna forgangsroðunar eða nánari framkvæmdar einstakra þátta.

Um aðgerð nr. 1: Bættar samgöngur

Í tölulið nr. 1 um *bættar samgöngur* er lagt til að unnið verði að mikilvægum samgöngubótum samkvæmt samgönguáætlun og hugað að þróun almenningsamgangna.

Sambandið áréttar að greiðar samgöngur eru afar mikilvægar fyrir vöxt og viðgang byggðarlaga og hafa grundvallarþýðingu í uppbyggingu þjónustu- og vaxtarsvæða.

Um aðgerð nr. 11: Efling dreifmenntunar á öllum skólastigum

Sambandið vekur athygli á að í tillögu um þessa aðgerð er gert ráð fyrir eflingu á dreifmenntun á öllum skólastigum. Í athugasemdum með uppkasti að tillögunni er fyrst og fremst fjallað um æðri skólastig og starfsmenntun, en ekki grunnskólastigið. Sambandið útilokar ekki á þessu stigi að fjarmenntun geti að einhverju leyti nýst við kennslu grunnskólanemenda, ekki síst í afskekktustu byggðum landsins. Á hinn bóginn er sambandið ekki heldur tilbúið til þess, á þessu stigi máls, að taka þá afstöðu að þetta sé markmið sem hiklaust eigi að stefna að. Slík stefnumörkun þarfnast nánari undirbúnings.


Um aðgerð nr. 15: Bætt heilbrigðisþjónusta

Í tillögunni er lagt til að unnið verði að bættri heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni, m.a. með flutningi verkefna á sviði heilbrigðismála frá ríki til sveitarfélaga. Ekki kemur hins vegar nánar fram með hvaða hætti þetta verði framkvæmt. Sambandið telur að hér sé um eðlilegt stefnumið að ræða og bendir á að ágæt reynsla er af yfirfærslu verkefna á sviði heilbrigðismála og þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga með þjónustusamningum. Þar sem slíkir samningar hafa verið gerðir við sveitarfélög hefur skilvirkni og samþætting aukist og þjónustan batnað. Eðlilegt er að þjónusta við fatlaða verði færð inn í aðgerð nr. 15 og yfirskriftin verði, „Bætt heilbrigðisþjónusta og þjónusta við fatlaða“. Jafnframt er eðlilegt að gera ráð fyrir því að mögulegt sé að halda áfram á þeirri braut að sveitarfélögin taki þessi verkefni að sér á grundvelli þjónustusamninga þar til málaflokkarnir í heild sinni verða hugsanlega fluttir frá ríki til sveitarfélaga.

Um aðgerð nr. 21: Efling umhverfisstarfs í sveitarfélögum

Í tillögu um þessa aðgerð kemur fram að efla skuli umhverfisstarfsemi sveitarfélaga með áherslu á framkvæmd Staðardagskrár 21, einkum í fámennum sveitarfélögum á landsbyggðinni. Sambandið leggst í sjálfu sér ekki gegn þeirri stefnumörkun sem þarna kemur fram en bendir þó á að ekki sé örökrétt að leggja áherslu á stuðning í þessum málaflokki við þau sveitarfélög sem sameinast hafa á síðustu árum.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Sigurður Óli Kolbeinsson
sviðsstjóri